
FUNDARGERÐ

Fundur:	Raforkuhópur 2003-05
Fundartími:	Þriðjudagur 2. september 2003 kl. 13:30
Fundarstaður:	Orkustofnun, Grensásvegi 9
Fundarefni:	1) Skipan hópðsins.
	2) Raforkunotkun á fyrri helmingi ársins.
	3) Gögn um afl.
	4) Niðurstöður húshitunarspár.
	5) Forsendur raforkunotkunar.
	6) Verkefni ársins 2004.
	7) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:	Guðmundur Guðmundsson
	Sigurður Ágústsson
	Ólafur Pálsson
	Agnar Árnason
Landsvirkjun:	Eggert Guðjónsson
Verkfræðistofan Afl:	Jón Vilhjálmsson
	Ingvar Baldursson

- 1) Rætt var um breytta skipan raforkuhóps þar sem ÍP er ekki lengur starfsmaður Orkuveitu Reykjavíkur og veitan hefur ekki skipað nýjan fulltrúa. Ákveðið var að biðja Orkuspárnefndar að fara fram á nýjan fulltrúa frá veitunni.
- 2) JV dreifði töflum yfir raforkunotkun á fyrri helmingi ársins og tók fram að það vantaði smávægilega vinnslu. Þar kemur fram að raforkuvinnsla hefur aukist um 0,2% á fyrri helmingi ársins. Flutningstöp hafa aukist um 11,4% og eigin notkun Landsvirkjunar hefur aukist um 4,0%. Stórnotkun minnkar um 0,1% og almenn notkun með notkun Landsvirkjunar minnkar um 0,4%. Sala á ótryggðri orku eykst um 14,5% og forgangsorka minnkar um 2,8%. JV dreifði þá töflum um notkunina leiðrétt út frá lofthita en fyrri helmingur ársins var hlýrri en á síðasta ári sérstaklega fyrsti ársfjórðungurinn. Aukning notkunar eykst því við

hitastigsleiðréttingu. Leiðrétt notkun almennrar forgangsorku minnkar um 0,6% á fyrri hluta ársins. JV afhenti fulltrúum veitnanna samantekt um þróunina hjá þeim á fyrsta ársfjórðungi og er aukning forgangsorku á Suðurnesjum (-0,1%), í Hafnarfirði (6,0%), hjá Orkuveitu Reykjavíkur (1,1%) hjá Norðurorku (-1,0%), Rafmagnsveitum ríkisins (-6,4%) og Orkubúi Vestfjarða (-4,6%).

- 3) IB fór yfir tölur um tölur um aflþörf á síðasta ári. Fram kom að toppurinn í raforkuvinnslu kom =7.02.2003 milli klukkan 9 og 10. Ástæða þess að toppurinn kemur á þessum tíma en ekki í desember eins og oftast er að febrúar var kaldur mánuður. Gögn um aflþörfina er að finna á heimasíðu nefndarinnar undir Raforku/Vinnugögn.
- 4) JV fór yfir niðurstöður húshitunarspár en unnið hefur verið að endurgerð hennar í tengslum við nýja jarðvarmaspá. Hlutur jarðvarma hefur aukist frá síðustu spá og nú er gert ráð fyrir hitaveitu á Eskifirði. Rafhitun minnkar aftur á móti ekki á Austurlandi þar sem þar fjölgar um nálægt 1.000 manns á næstu árum vegna álvers á Reyðarfirði og gert er ráð fyrir að það kalli á aukið rafhitað húsrými. Nokkuð var rætt um sumarbústaði og hvort hlutur jarðvarma þar væri áætlaður of lítill.
- 5) IB fór yfir þróun raforkunotkunar frá því að síðasta spá kom út og sýndi samsvarandi myndir og voru í forsendukafla spárinnar þá. Varðandi landbúnað benti hann á 15 GWh aukingu í garðyrkju. GG benti á að þessi notkun væri niðurgreidd. Varðandi iðnað var bennt á að fiskfrytsing hefur minnkað. JV benti á að byggingarstarfsemi væri væntanlega ofmetin á síðasta ári í gögnum Orkuveitu Reykjavíkur. GG benti á að þegar göng kæmu til Siglufjarðar mætti gera ráð fyrir að fiskimjölsverksmiðjan þar færi yfir á raforku. Í þjónustu er veruleg aukning í smásöluverslun og líklega er hún ennþá meiri þar sem hluti hennar hefur líklega lent með byggingarráfmagni á síðasta ári. IB benti á að hlutur Norðurlands hefði almennt minnkað og sagði AA að það væri m.a. vegna þess hve flutingskostnaður væri hár og því erfitt að vera með framleiðslu langt frá markaðinum sem væri á SV horninu.
- 6) Varðandi verkefni næsta árs var nefnt að væntanlega þyrfti að breyta skipulagi hópsins vegna nýrra raforkulaga. GG nefndi hvort ekki væri hægt að vera með málþing um framtíðarskipulag Orkuspárnefndar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 15:20. Næsti fundur ákveðinn 7. október 2003.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

- Niðurstöður húshitunarspár. (JV)

Farið var yfir á heimasíðu Orkuspárnefndar:

- Raforkunotkun 2003, fyrri helmingur. (JV)
- Almenn raforkunotkun leiðrétt út frá lofthita, fyrri helmingur ársins. (JV)
- Gögn um álag á raforkukerfið 2002. (IB)
- Myndir og töflur með upplýsingum um þróun raforkunotkunar frá því að síðasta spá kom út. (IB)